# REYKJAVÍKURBORG
## Borgartúnsreitur vestur

# Breyting á deiliskipulagi Borgartúnsreits vestur
## Breytt afmörkun við Snorrabraut




Gildandi deiliskipulags samþykkt 07.04.2011, tók gildi 27.06.2011, ásamt breytingum frá 2017 og 2020.

1:1000




Deiliskipulagstillaga

1:1000

### GREINARGERÐ

Lögð er fram breytingartillaga á deiliskipulagi *Borgartúnsreitur vestur, afm. af Borgartúni, Snorrabraut, Sæbraut og Katrínartúni* - samþykkt þann 07.04.2011, birt í B-deild stjórnartíðinda 27.06.2011. Frá gildistöku hafa verið gerðar sex breytingar, síðast 24.06.2020.

Þessi breytin er lögð fram vegna breytinga á aðliggjandi deiliskipulagi fyrir Hlemm og nágrenni. Þar stendur til að færa gatnamót Snorrabrautar ásamt borgarlandi inn í þá skipulagsáætlun. Breyta þarf þessu deiliskipulagi svo ekki sé skörun á skipulagsmörkum á milli deiliskipulagssvæða. Breyting á deiliskipulagi Hlemms og nágrennis er auglýst samhliða þessari tillögu.

Þessi breyting felst í breyttum skipulagmörkum við Snorrabraut og Borgartúni.

Í dag liggja skipulagsmörkin í vestur eftir götukannti Snorrabrautar. Breytingin felur í ser að mörkin eru færð að austurhlið lóðamarka Sætúns nr. 1. Þá eru mörkin færð að lóðarmörkum lóða við Borgartún, það eru lóðir við Borgartún nr. 1,3 og 7 ásamt suðurhlið lóðar við Sætún nr. 1. Áfram liggja mörk skipulagssvæðisins við götutkannt meðfram Sæbraut og Katrínartún (áður Höfðatún).

Í greinargerð segir um afmörkun svæðisins:

> *Svæðið afmarkast af Snorrabraut í vestri, Sæbraut í norðri, Höðatúni í austri og Borgartúni í suðri og nær yfir staðgreinireiti 1.126.2, 1.126.2 og 1.126.3 eins og uppdráttur sýnir.*

Eftir breytingu verður afmörkun svæðisins svohljóðandi (breytingar feitletraðar):

> Svæðis afmarkast **af lóðarmörkum lóða við Snorrabraut í vestri**, Sæbraut í norðri, Höfðatúni í austri og **lóðarmörkum lóða (og mörkum staðgreinireita) við Borgatún í suðri** og nær yfir staðgreinireiti 1.126.2, 1.126.2 og 1.126.3 eins og uppdráttur sýnir.

Svæðið sem skorið er frá með þessari breytingu verður hluti af aðliggjandi deiliskipulagi, *Deiliskipulag stgr. 1.240, Hlemmur og nágrenni og Hlemmur, umferðarskipulag*.

Breytingin nær aðeins til götusvæða og borgarlands.

Aðrir skilmálar eru óbreyttir.




Úr Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030

**SKÝRINGAR**

- Skipulagsmörk fyrir breytingu
- Ný skipulagsmörk

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í borgarráði

þann 11. febrúar 2021 og í

emb. afgr. f. skipulagsfulltrúa þann

9. apríl 2021.

Tillagan var auglýst frá 19. febrúar 2021
með athugasemdafresti til 7. apríl 2021.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann ______ 20_

______________________


**YRKI ARKITEKTAR**
Mýrargötu 26, 101 Reykjavík
Sími: +354 552 6629
Kt: 560997-3109
www.yrki.is
yrki@yrki.is

Ásdís H. Ágústsdóttir Arkitekt FAÍ
Sólveig Berg Arkitekt FAÍ


| VERKKAUPI | VERK | | |
|---|---|---|---|
| Reykjavíkurborg | HLEMMUR | | |
| DAGSETNING | KVARÐI | TEIKNAÐ | ÚTGEFIÐ AF |
| 25.01.2021 | 1:1000 (A1) | GÁ | GÁ |
| TEIKNING | VERK NR. | TEIKNING NR. | ÚTGÁFA |
| D01 | V314 | 1 af 1 | |